

Sundreglur

~~FINA~~ World Aquatics

2023-2025



WORLD
AQUATICS



Sundsamband Íslands
Febrúar-Maí 2023

Efnisyfirlit

Commented [RBB1]: Uppfæri efnisyfirlit sjálfvirkir síðast

SW-1 STJÓRNUN SUNDKEPPNA	2
SW-2 SUNDDÓMARAR	442
SW-2.1 YFIRDÓMARI	442
SW-2.2 TÍMATÖKUSTJÓRI	553
SW-2.3 RÆSIR	554
SW-2.4 RIÐLASTJÓRI	654
SW-2.5 YFIRSNÚNINGSDÓMARI	664
SW-2.6 SNÚNINGSDÓMARAR	665
SW-2.7 TÆKNIDÓMARAR	775
SW-2.8 YFIRTÍMAVÖRÐUR	776
SW-2.9 TÍMAVERÐIR	776
SW-2.10 YFIRMARKDÓMARI – sé þess krafist.....	876
SW-2.11 MARKDÓMARAR – sé þess krafist	87
SW-2.12 SKRÁNINGAEFTIRLIT (Chief Recorder)	887
SW-2.13 SKRÁNINGASTJÓRI	887
SW-2.14 UMSJÓNARMAÐUR UPPTÖKUDÓMGÆSLU	887
SW-2.15 UPPTÖKUDÓMARI	987
SW-2.16 ÁKVARÐANIR SUNDDÓMARA	987
SW-3 NIÐURRÖÐUN Í RIÐLA, UNÐANÚRSLIT OG ÚRSLIT	98
SW-4 RÆSING (start)	121210
SW-5 SKRÍÐSUND	121210
SW-6 BAKSUND	121210
SW-7 BRINGUSUND	131311
SW-8 FLUGSUND	141412
SW-9 FJÓRSUND	141412
SW-10 KEPPNIN	141412

SW-11 TÍMATAKA	161614
SW-12 HEIMSMET	171715
SW-13 VERKLAGSREGLUR FYRIR SJÁLFVIRKA TÍMATÖKU	191917
ALDURSFLOKKAREGLUR – SUND	202018

Gilda frá 1. janúar 2023-2025

SW-1 STJÓRNUN SUNDKEPPNA

SW-1.1 Mótsstjórn sem skipuð er af mótshaldara hefur dómvald í öllum málum nema þeim sem reglur segja til um varðandi yfirdómara, sunddómara og annars starfsfólks. Hún hefur vald til að fresta sundgreinum og gefa skipanir í samræmi við samþykktar reglur um stjórnun sérhverrar greinar.

SW-1.2 Mótshaldari sundmóts skal ákveða nægan fjölda starfsfólks til að tryggja sanngirni, heiðarleika og öryggi mótsins.

SW-1.2.1 Á öllum öðrum alþjóðlegum sundmótum skal mótsstjórn tilnefna sama fjölda starfsfólks eða færri að fengnu samþykki viðkomandi stjórnenda, svæðisbundinna eða alþjóðlegra, eftir því sem við á.

SW-1.2.2 Þar sem sjálfvirkur dómgæslubúnaður er ekki til staðar, verður að vera yfirtímavörður. Þar sem því er við komið skal að lágmarki vera einn (1) tímavörður fyrir hverja braut og einn (1) aukatímavörður. Mælst er til þess að það séu (3) tímaverðir á hverri braut.

SW-1.2.3 Yfirmarkdómari og markdómarar mega vera til staðar þegar ekki er notast við sjálfvirkan dómgæslubúnað og/eða stafrænar klukkur.

SW-1.3 Aðili á vegum [FINA-World Aquatics](#) ásamt nefndarmanni sundtækninefndar [FINA World Aquatics](#) skal með góðum fyrirvara fyrir keppni skoða og viðurkenna keppnislaug og tæknibúnað fyrir Ólympíuleika og heimsmeistaramót.

SW-1.4 Þar sem myndbandsupptökutæki undir vatnsyfirborði eru notuð af sjónvarpsstöðvum, skal búnaðurinn vera fjarstýrður og ekki hindra sjónsvið keppenda, þrengja að þeim, breyta lögun laugar eða hylja þær merkingar sem krafist er af [FINA World Aquatics](#).

SW-1.5 Mótsstjórn skal tilgreina hvaða mótsreglur gilda fyrir keppendur fyrir undanrásir, undanúrslit og úrslit, sem þeim ber að virða þegar þau yfirgefa síðasta riðlaherbergi.

1.6. SUNDGREINAR Í SUNDKEPPNUM WORLD AQUATICS (25m)

1.6.1 SUNDGREINAR ÓLYMPÍULEIKANNA

	Karlar	Konur
Skríðsund	50m, 100m, 200m	50m, 100m, 200m
	400m, 800m, 1500m	400m, 800m, 1500m



Baksund	100m, 200m	100m, 200m
Bringusund	100m, 200m	100m, 200m
Flugsund	100m, 200m	100m, 200m
Fjósund	200m, 400m	200m, 400m
Boðsund: Skriðsund	4x100m, 4x200m	4x100m, 4x200m
Boðsund: Fjósund	4x100m	4x100m
Blandað boðsund	4x100m fjósund	

Aðeins tímar sem syntir hafa verið í 50m laug eru samþykktir. Undanrásir og undanúrslit má synda á 10 brautum. Úrslit skal synda á 8 brautum.

1.6.2 SUNDGREINAR HEIMSMEISTARAMÓTS WORLD AQUATICS (50m)

	Karlar	Konur
Skriðsund	50m, 100m, 200m 400m, 800m, 1500m	50m, 100m, 200m 400m, 800m, 1500 m
Baksund	50m, 100m, 200m	50m, 100m, 200m
Bringusund	50m, 100m, 200m	50m, 100m, 200m
Flugsund	50m, 100m, 200m	50m, 100m, 200m
Fjósund	200m, 400m	200m, 400m
Boðsund: Skriðsund	4x100m, 4x200m	4x100m, 4x200m
Boðsund: Fjósund	4x100m	4x100m
Blandað boðsund	4x100m skriðsund og 4x100m fjósund	

Aðeins tímar sem syntir hafa verið í 50m laug eru samþykktir. Undanrásir og undanúrslit má synda á 10 brautum. Úrslit skal synda á 8 brautum.

1.6.3 SUNDGREINAR HEIMSMEISTARAMÓTS WORLD AQUATICS (25m)

	Karlar	Konur
Skriðsund	50m, 100m, 200m 400m, 800m, 1500m	50m, 100m, 200m 400m, 800m, 1500m
Baksund	50m, 100m, 200m	50m, 100m, 200m
Bringusund	50m, 100m, 200m	50m, 100m, 200m
Flugsund	50m, 100m, 200m	50m, 100m, 200m
Fjósund	100m, 200m, 400m	100m, 200m, 400m
Boðsund: Skriðsund	4x50m, 4x100m, 4x200m	4x50m, 4x100m, 4x200m
Boðsund: Fjósund	4x50m, 4x100m	4x50m, 4x100m
Blandað boðsund	4x50m skriðsund og 4x50m fjósund	

Tímar sem syntir voru í 25m og 50m laug eru samþykktir. Undanrásir og undanúrslit má synda á 10 brautum. Úrslit skal synda á 8 brautum.

1.6.4 SUNDGREINAR HEIMSMEISTARAMÓTS UNGMENNA

	Karlar	Konur
Skriðsund	50m, 100m, 200m 400m, 800m, 1500m	50m, 100m, 200m 400m, 800m, 1500 m

Commented [RBB2]: Mér finnst hvergi passa að troða WA inn í.

Baksund	50m, 100m, 200m	50m, 100m, 200m
Bringusund	50m, 100m, 200m	50m, 100m, 200m
Flugsund	50m, 100m, 200m	50m, 100m, 200m
Fjósund	200m, 400m	200m, 400m
Boðsund: Skriðsund	4x100m, 4x200m	4x100m, 4x200m
Boðsund: Fjósund	4x100m	4x100m
Blandað boðsund	4x100m skriðsund og 4x100m fjósund	

Aðeins tímar sem syntir hafa verið í 50m laug eru samþykktir. Undanrásir og undanúrslit má synda á 10 brautum. Úrslit skal synda á 8 brautum.

1.6.4 SUNDGREINAR HEIMSBIKARMÓTA WORLD AQUATICS

Sundgreinar heimsbikarmóta World Aquatics verða ákveðnar árlega af World Aquatics.

SW-2 SUNDDÓMARAR

SW-2.1 YFIRDÓMARI

SW-2.1.1 Yfirdómari skal hafa fulla stjórn og vald yfir öllum sunddómurum, staðfesta skipan þeirra, og leiðbeina þeim með sérstakar aðstæður eða reglur sem heyra til keppninni. Hann skal framfylgja öllum reglum og ákvörðunum [FINA-World Aquatics](#) og skera úr með allar spurningar er varða framkvæmd mótsins, einstakra greina og keppinnar almennt, nema kveðið sé á um annað í reglunum.

SW-2.1.2 Yfirdómari má grípa inn í keppnina hvenær sem er til að tryggja að reglum [FI World Aquatics](#) NA sé framfylgt. Hann skal útkljá mál vegna mótmæla sem kunna að koma upp vegna keppinnar.

SW-2.1.3 Þegar notast er við markdómara án þriggja (3) stafrænna klukkna, skal yfirdómari skera úr um röð keppenda sé þess þörf. Kanna skal niðurstöðu sjálfvirkis dómgæslubúnaðar, sé hann fyrir hendi og í gangi, eins og segir í [SW II.13](#).

SW-2.1.4 Yfirdómari skal fullvissa sig um að allir sunddómarar séu í sínum stöðum við framkvæmd móts. Hann getur skipað varamenn fyrir þá sem eru fjarverandi, óhæfir til starfans eða duglausir. Hann getur skipað sunddómara til viðbótar ef þörf krefur.

SW-2.1.5 Þegar allir keppendur hafa afklæðst öllu nema sundfatnaði skal yfirdómari gefa keppendum merki með stuttum flautumerkjum um að taka sér stöðu við ráspall. Síðan gefur hann langt flautumerki sem gefur til kynna að keppendur skuli taka sér stöðu á ráspöllum (eða í baksundi og fjórsundsboðsundi að fara strax í laugina). Annað langt flaut gefur keppendum í baksundi og fjórsundsboðsundi til kynna að þeir skuli tafarlaust taka sér stöðu. Þegar keppendur og sunddómarar eru tilbúnir að hefja keppni, skal yfirdómari gefa merki með útréttum handlegg til ræsis um að keppendur

séu nú undir hans stjórn. Yfirdómari heldur handleggnum útréttum þar til rásmerkið hefur verið gefið.

SW-2.1.6 Ógilding vegna starts áður en rásmerki er gefið verður að vera séð og samþykkt bæði af ræsi og yfirdómara. Þegar sjálfvirkur dómgæslubúnaður er til staðar má nýta hann til að sannreyna ógildinguna.

SW-2.1.7 Yfirdómari skal dæma úr leik hvern þann keppanda sem hann sjálfur sér að brotið hefur reglur. Yfirdómara er einnig heimilt að dæma úr leik hvern þann keppanda sem aðrir sunddómarar tilkynna að hafi brotið reglur. Allir ógildingardómar eru háðir úrskurði yfirdómara.

SW-2.1.8 Öll hugsanleg brot skal sunddómari ræða munnlega við yfirdómara. Ef yfirdómari staðfestir brotið, skal viðkomandi dómari rita ógildinguna þar sem fram kemur númer greinar, riðils og brautar og hvert brotið er.

SW-2.1.9 Yfirdómari skal skipa sunddómara að hafa eftirlit með því í boðsundi hvort keppandi sleppir fótum af rásfalli áður en keppandinn á undan honum í sömu sveit hefur snert bakkann. Þegar sjálfvirkur dómgæslubúnaður er notaður skal dæma skv. reglu **SW-II.13.1**.

SW-2.2 TÍMATÖKUSTJÓRI

SW-2.2.1 Tímatökustjóri hefur yfirumsjón með stjórnun á sjálfvirkum dómgæslubúnaði.

SW-2.2.2 Tímatökustjóri skal fara nákvæmlega yfir öll tölvuprentuð úrslit.

SW-2.2.3 Tímatökustjóri skal fara nákvæmlega yfir útprentaða tíma boðsundsskiptinga og tilkynna yfirdómara um sérhvert þjófstart.

SW-2.2.4 Tímatökustjóra er heimilt að styðjast við myndbandsupptöku til að staðfesta þjófstart.

SW-2.2.5 Tímatökustjóri hefur umsjón með

- úrskráningum að loknum undanrásum og/eða undanúrslitum,
- skráir úrslit á opinber eyðublöð,
- birtir öll ný met sem sett hafa verið og
- heldur utan um skráningu stiga eftir því sem við á.

SW-2.3 RÆSIR

SW-2.3.1 Ræsir skal hafa fullt vald á keppendum frá því yfirdómari hefur gefið honum merki um það (**SW-II.2.1.5**) þar til keppnin hefst. Ræst skal samkvæmt **SW-II.4**.

SW-2.3.2 Ræsir skal tilkynna yfirdómara um keppanda sem tefur ræsinguna eða á annan hátt vísitandi óhlýðnast fyrir mælum um ræsinguna, en aðeins yfirdómari má dæma keppanda úr leik fyrir slíka töf eða vísitandi brot við ræsinguna.

SW-2.3.3 Ræsir hefur vald til að dæma um hvort ræsing sé sanngjörn og getur yfirdómari einn breytt þeirri ákvörðun.

SW-2.3.4 Við ræsingu keppnisgreinar skal ræsir standa við hlið laugar í um það bil 5 metra fjarlægð frá rásbrún, þar sem tímaverðir og keppendur sjá og/eða heyra rásmerkið.

SW-2.3.5 Ræsir skal tilkynna yfirdómara um öll hugsanleg brot í sínu yfiráðasvæði.

SW-2.4 RIÐLASTJÓRI

SW-2.4.1 Riðlastjóri skal safna keppendum saman fyrir hverja sundgrein.

SW-2.4.2 Riðlastjóri skal tilkynna yfirdómara um hugsanleg brot er varða:

- sundfatnað og
- auglýsingar ([1.8 Auglýsingar](#)) og
- eg ef keppandi er ekki viðstaddur nafnakall.

Commented [RBB3]: Hér er vísað í kafla sem við höfum ekki þýtt. Líklega ok en spurning um hvornig við visum í kaflann. Með enska heitinu?

SW-2.5 YFIRSNÚNINGSDÓMARI

SW-2.5.1 Yfirsúningsdómari skal tryggja að snúningsdómarar sinni verksviði sínu meðan á keppni stendur.

2.6 SNÚNINGSDÓMARAR

SW-2.6.1 Einn snúningsdómari skal skipaður á hverja braut til beggja enda laugar, til að tryggja að keppendur fari eftir viðeigandi reglum varðandi ræsinguna, í hverjum snúningi og við lok sunds.

SW-2.6.2 Yfiráðasvæði snúningsdómara við rásenda hefst við rásmerkið og lýkur við fyrsta handatak, nema í bringusundi þar sem það skal vera við handatak númer tvö.

SW-2.6.3 Í hverjum snúningi er yfiráðasvæði snúningsdómara frá byrjun síðasta handataks fyrir snertingu og þar til fyrsta handataki er lokið, nema í bringusundi þar sem það skal vera við handatak númer tvö.

SW-2.6.4 Yfiráðasvæði snúningsdómara við lok sunds hefst við byrjun síðasta handataks fyrir snertingu.

SW-2.6.5 Þegar baksundsstartbúnaður er notaður skal hver snúningsdómari við rásenda setja hann upp og fjarlægja hann. Þegar búnaðurinn er settur upp skal hann stilltur á núll (0).

SW-2.6.6 Í 800 og 1500 metra einstaklingsgreinum skal sérhver snúningsdómari við rás- og snúningsenda laugar telja og skrá brautarlengdir hjá hverjum keppanda á hans braut. Keppandi skal látinn vita hversu margar brautarlengdir eru ósyntar með sérstökum talningaspjöldum (lap cards) sem sýna oddatölur við snúningsenda laugar. Heimilt er að nota rafrænan búnað, þar með talið skjá undir vatnsyfirborði.

SW-2.6.7 Sérhver snúningsdómari við rásenda laugar skal gefa keppanda á sinni braut merki þegar tvær laugarlengdir plús 5 metrar eru eftir af 800 og 1500 metra einstaklingsgreinum. Heimilt er að endurtaka merkið að loknum snúningi og þar til keppandi hefur náð fimm (5) metra markinu á brautarlínunni. Merkið má gefa með flautu eða bjöllu.

SW-2.6.8 Í boðsundum skal sérhver snúningsdómari ákvarða hvort næsti keppandi snerti enn rásfall þegar keppandi á undan snertir bakkann. Sé sjálfvirkur búnaður til staðar sem nemur slíkar skiptingar, skal honum beitt skv. [SW-13.1](#).

SW-2.6.9 Snúningsdómarar skulu tilkynna yfirdómara um hugsanleg brot á sínu yferráðasvæði.

SW-2.7 TÆKNIDÓMARAR

SW-2.7.1 Tæknidómarar skulu vera við hvora hlið laugar.

SW-2.7.2 Tæknidómurum ber að tryggja að farið sé að þeim reglum sem gilda um útfærslu þeirrar sundgreinar sem keppt er í hverju sinni, sem og að fylgjast með snúningum og lokum sunds til aðstoðar snúningsdómurum.

SW-2.7.3 Tæknidómarar skulu tilkynna til yfirdómara um hugsanleg brot á sínu yferráðasvæði.

SW-2.8 YFIRTÍMAVÖRÐUR

SW-2.8.1 Yfirtímaförður skal skipa öllum tímavörðum í sætisstöðu og skipa þeim á brautir sem þeir ábyrgjast. Það er ráðlegt að þrír (3) tímaverðir skulu vera á hverri braut. Þar sem ekki er notaður sjálfvirkur dómgæslubúnaður, skal skipa tvo (2) tímaverði til viðbótar og skal hvor um sig taka við tímavörslu ef klukka tímavarðar fer ekki af stað eða stöðvast meðan á keppni stendur í einhverri sundgrein eða mælir ekki tíma af einhverjum ástæðum. Þegar klukkur eru notaðar, eru lokatími og röð ákvörðuð út frá þeirri tímatöku.

SW-2.8.2 Þegar einungis einn (1) tímavörður er á braut skal tilnefna aukatímavörð ef ske kynni að bilun verði í klukku. Til viðbótar verður yfirtímaförður ætíð að skrá tíma sigurvegara úr hverri sundgrein.

SW-2.8.3 Yfirtímaförður skal safna saman kortum með skráðum tímum frá tímavörðum á hverri braut og, ef þörf krefur, skoða klukkur þeirra.

SW-2.8.4 Yfirtímaförður skal skrá eða skoða staðfestan tíma á korti fyrir hverja braut.

SW-2.9 TÍMAVERÐIR

SW-2.9.1 Sérhver tímavörður skal taka tíma þeirra keppenda sem synda á þeirri braut sem honum er úthlutað, skv. [SW-11.3](#).

SW-2.9.2 Sérhver tímavörður skal ræsa klukku sína við merki ræsis og stöðva hana þegar keppandi á hans braut lýkur sundinu. Yfirtímavörður getur farið fram á það við tímaverði að þeir skrái millitíma á vegalengdum lengri en 100 m.

SW-2.9.3 Strax að loknu sundi skulu tímaverðir á hverri braut skrá tímana á klukkum sínum á tímakortið, afhenda það yfirtímaverði og láta skoða klukkur sínar sé þess óskað. Klukkur skulu núllstilltar þegar yfirdómari gefur stutt flautumerki til að tilkynna keppni í næsta riðli.

SW-2.9.4 Reynst getur nauðsynlegt að nota fullskipað lið tímavarða þrátt fyrir að sjálfvirkur dómgæslubúnaður sé notaður, nema þegar notast er við myndbands-upptökubúnað.

SW-2.10 YFIRMARKDÓMARI – sé þess krafist

SW-2.10.1 Yfirkvæðingardómari skal skipa hverjum kvæðingardómara í sína stöðu og segja til um hvaða braut hann dæmir á.

SW-2.10.2 Eftir keppni skal yfirkvæðingardómari safna saman frá hverjum kvæðingardómara undirrituðum blöðum með niðurstöðum, staðfesta niðurstöðurnar og úrslitasæti og senda síðan beint til yfirkvæðingardómara.

SW-2.101 MARKDÓMARAR – sé þess krafist

SW-2.101.1 Markdómarar skulu vera í beinni línu við endamark, þar sem þeir hafa alltaf góða sýn yfir brautir og marklínu.

SW-2.101.2 Eftir hverja sundgrein skulu markdómarar ákvarða og skrá röð keppenda í samræmi við verkefnaskipan sína. Markdómarar, aðrir en þeir sem sjá um að þrýsta á hnappa, skulu ekki sinna tímavarðarstarfi í sömu grein.

SW-2.112 SKRÁNINGAEFTIRLIT (Chief Recorder)

(Nema á Ólympíuleikum og Heimsmeistaramótum)

SW-2.112.1 Yfirskráningastjóri er ábyrgur fyrir því að sannreyna úrslit frá tölvuútskrift eða úrslitatíma og röð keppenda í hverri sundgrein sem hann fær frá yfirkvæðingardómara. Yfirskráningastjóri skal vitna um undirskrift úrslita frá yfirkvæðingardómara.

SW-2.123 SKRÁNINGASTJÓRI á öðrum mótum en á Ólympíuleikum og Heimsmeistaramótum

SW-2.123.1 Skráningastjórar skulu stýra úrskráningum eftir undanrásir og undanúrslit, skrá niðurstöður á viðeigandi eyðublöð, staðfesta öll ný met og skráningu stiga eftir því sem við á.

SW-2.134 UMSJÓNARMAÐUR UPPTÖKUDÓMGÆSLU

SW-2.134.1 Umsjónarmaður upptökudómgæslu skal sjá til þess að upptökudómarar séu komnir á viðkomandi stað og framfylgi störfum sínum á meðan á keppni stendur.

SW-2.134.2 Umsjónarmaður upptökudómgæslu skal skoða og staðfesta brot sem tilkynnt eru frá upptökudómurinum.

SW-2.134.3 Umsjónarmaður upptökudómgæslu skal skoða og staðfesta brot sem tilkynnt eru af yfirdómara.

SW-2.134.4 Umsjónarmaður upptökudómgæslu skal tilkynna til yfirdómara brot staðfest með myndbandsrýni.

SW-2.145 UPPTÖKUDÓMARI

SW-2.145.1 Hver upptökudómari skal tryggja að reglum viðkomandi sundgreinar sé fylgt og skulu horfa á snúninga og lok sunds.

SW-2.145.2 Upptökudómarar skulu tilkynna hugsanleg brot til umsjónarmanns upptökudómgæslu. Sé brotið staðfest skal upptökudómariinn fylla út ógildingarseðill.

SW-2.156 ÁKVARÐANIR SUNDDÓMARA

SW-2.156.1 Sunddómarar mótsins skulu taka sjálfstæðar ákvarðanir og óháð hver öðrum nema annað sé tekið fram í [2. kafla](#) sundreglunum.

Commented [RBB4]: WA vísa í „section II“. Spurning hvornig við viljum gera það.

SW-3 NIÐURRÖÐUN Í RIÐLA, UNÐANÚRSLIT OG ÚRSLIT

Upphaf allra greina á Ólympíuleikum, heimsmeistaramótum, svæðismótum og öðrum [World Aquatics FINA](#)-keppnum er niðurröðun eftir árangri samkvæmt eftirfarandi reglum:

SW-3.1 RIÐLAR

SW-3.1.1 Bestu tímar keppenda yfir tilkynnt tímabil áður en skráningarfrestur fyrir viðkomandi keppni rennur út skulu lagðir fram á skráningarblöðum eða rafrænt eins og um er beðið og settir upp í lista eftir tímaröð af framkvæmdanefnd. Keppendur sem ekki leggja fram tíma skulu ákvarðaðir seinastir og skulu settir neðst á listann án tíma. Röðun keppenda með jafnan tíma eða fleiri keppenda með óskráðan tíma skal ákvarða með drætti. Keppendum skal raða á brautir samkvæmt þeim verklagsreglum sem getið er um í [SW-III.3.1.2](#) hér á eftir. Keppendum skal raðað í riðla eftir framlögðum tímum á eftirfarandi hátt:

SW-3.1.1.1 Sé aðeins um einn riðil að ræða skal líta á hann sem úrslit og hann syntur í úrslitum eingöngu.

SW-3.1.1.2 Séu tveir riðlar, er fljótasta keppanda skipað í annan riðil, næst fljótasta í þann fyrsta, þriðja fljótasta í annan, fjórða fljótasta í fyrsta, o.s.frv.

SW-3.1.1.3 Séu þrír riðlar, nema í 400m, 800m og 1500m greinum, er fljótasta keppanda skipað í þriðja riðil, næst fljótasta í annan riðil og þriðja fljótasta í þann fyrsta. Fjórða fljótasta keppanda er skipað í þriðja riðil, fimmta fljótasta í annan riðil, sjötta fljótasta í fyrsta riðil, sjöunda fljótasta í þriðja riðil o.s.frv.

SW-3.1.1.4 Séu fjórir eða fleiri riðlar, nema í 400m, 800m og 1500m greinum, er raðað í síðustu þrjá riðlana samkvæmt [SW-III.3.1.1.3](#) hér að ofan. Í fjórða síðasta riðil koma þeir keppendur sem koma næstir að getu á eftir keppendum þriggja síðustu riðla. Í fimmta síðasta riðil koma þeir keppendur sem koma næstir að getu á eftir keppendum fjögurra síðustu riðla o.s.frv. Raðað er á brautir hvers riðils eftir lækandi röð framlagðra tíma í samræmi við það mynstur sem fram kemur í [SW-III.3.1.2](#) hér að neðan.

SW-3.1.1.5 Í 400m, 800m, og 1500m greinum á að raða síðustu tveimur riðlum greinar samkvæmt [SW-III.3.1.1.2](#).

SW-3.1.1.6 Undantekning: Séu tveir eða fleiri riðlar í sömu grein, skulu vera að lágmarki þrír keppendur í undanrásariðli, en verði um úrsagnir úr keppni að ræða, getur það leitt til færri keppenda en þriggja í riðli.

SW-3.1.1.7 Þegar keppt er í [tíu \(10\)](#) brauta laug og tveir jafnir tímar eru skráðir fyrir áttunda sætið í riðlakeppni í [200m sundi eða lengra, að boðsundi meðtöldu, skal einnig synda á braut 0.800m og 1500m metra skriðsundsgreinum skal dregið-Draga skal af handahófi til að ákveða um](#) hvar keppandi [skal synda á braut 8 og 0.8. og 9. brautar skal synda á 9. braut.](#) Liggi fyrir þrír (3) jafnir tímar í áttunda sæti skal nota brautir 9 og 0 og draga um hver syndir á brautum 8, 9 og 0. [Í tilfellum þar sem fleiri en þrír \(3\) keppendur eða lið eru með jafna tíma fyrir 8. sætið í undanrásnum eða undanúrslitum, má halda umsund.](#)

SW-3.1.1.8 Þar sem 10 brauta laug er ekki til staðar gilda ákvæði reglu [SW-III.3.2.3](#).

SW-3.1.2 Í öllum öðrum greinum en 50m greinum í 50m laugum skal skipað á brautir (braut 1 (0 í 10 brauta laug) er hægra megin séð frá rásenda) þannig að fljótasti keppandi eða lið fer á miðjubraut ef fjöldi brauta er oddatala, eða á braut 3 eða 4 í laugum með 6 eða 8 brautum. Í laugum með 10 brautum skal fljótasta keppandanum skipað á 4. braut. Keppandi með næst besta tíma er vinstra megin við þann besta, síðan raðast hinir til skiptis til hægri og vinstri samkvæmt framlögðum tímum. Keppendum sem hafa sama tíma er raðað að undangengnum drætti samkvæmt framangreindu mynstri.

SW-3.1.3 Þegar keppt er í 50m greinum í 50m laugum getur keppni hafist hvort heldur er frá rásenda eða snúningsenda laugar, samkvæmt ákvörðun mótsnefndar, og fer það eftir þáttum eins og sjálfvirkum búnaði, stöðu ræsis, o.s.frv. Mótsnefnd skal tilkynna keppendum um ákvörðun sína tímanlega fyrir keppni. Burtséð frá því hvoru megin

laugar keppni hefst, er keppendum raðað á sömu brautir og þeim myndi raðað á ef þeir hæfu og lykju keppni við rásenda.

SW-3.2 UNÐANÚRSLIT OG ÚRSLIT

SW-3.2.1 Í undanúrslitum er skipað í riðla eins og lýst er í [SW-1.3.1.1.2](#).

SW-3.2.2 Þar sem ekki er þörf á undanrásum er skipað á brautir eins og getið er um í [SW-1.3.1.2](#) hér að framan. Þegar undanriðlar eða undanúrslit hafa farið fram skal skipað á brautir eins og lýst er í [SW-1.3.1.2](#) en þeir tímar lagðir til grundvallar sem náðst hafa í þeim riðlum.

SW-3.2.3 Í sundgreinum þar sem keppendur úr mismunandi eða sömu riðlum ná sama tíma upp á 1/100 hluta úr sekúndu í áttunda/tíunda eða sextánda/tuttugasta sæti, eftir því hvort keppt er á 8 eða 10 brautum, mega þeir keppa um þau sæti sérstaklega fyrir úrslitasund. Slíkar keppnir skulu fara fram eftir að allir viðkomandi keppendur hafa lokið sínum riðlum á tíma sem mótshaldari og keppendur eru sammála um. Nái keppendur enn sama tíma mega þeir endurtaka keppnina um sætið. Ef nauðsyn krefur skal keppa sérstaklega um sæti fyrsta og annars varamanns ef þeir hafa áður synt á sama tíma.

SW-3.2.4 Þegar einn eða fleiri keppendur segja sig úr keppni í úrslitum eða undanúrslitum, koma varamenn inn eftir úrslitum úr riðlum eða undanúrslitum. Ef kostur er, verður endurraðað í greinina og gefin út viðbótarkeppnisblöð þar sem breytingar koma fram í smáatriðum, eins og mælt er fyrir um í [SW-3.1.2](#).

SW-3.2.5 Í riðlakeppni, undanúrslitum og úrslitum skulu keppendur mæta í fyrsta riðlaherbergið á uppgefnum tíma mótstjórnar. Að undangenginni skoðun fara keppendur í síðasta riðlaherbergið.

SW-3.3 Á annars konar mótum er heimilt að draga um röðun keppenda á brautir.

[3.4. Í 800m og 1500m skriðsundi á heimsmeistaramótum \(25m\) og á heimsmeistaramótum ungmenna má stjórn WA ákveða hvort hraðasti síðasti riðill sé syntur í úrslitum af sundfólki með hröðustu skráningartímunum.](#)

[Í 50m, 100m og 200m sundgreinum skal synda undanrásir, undanúrslit og úrslit. Á heimsmeistaramótum \(25m\) og á heimsmeistaramótum ungmenna skal einungis synda undanrásir og úrslit í sundgreinum sem eru 200m og lengri.](#)

SW-4 RÆSING (start)

SW-4.1 Ræsing í skriðsundi, bringusundi, flugsundi og fjórsundi fer fram með stungu. Við langt flaut ([SW-III.2.1.5](#)) frá yfirdómara, skulu keppendur stíga upp á ráspalla og bíða þar. Þegar ræsir tilkynnir „takið ykkur stöðu“ skulu keppendur tafarlaust taka sér rásstöðu með að minnsta kosti annan fótinn fremst á ráspalli. Staða handanna skiptir ekki máli. Þegar allir keppendur eru í kyrrstöðu, skal ræsir gefa rásmerkið.

SW-4.2 Ræsing í baksundi og fjórsundsboðsundi skal fara fram í vatni. Við fyrsta langa flaut yfirdómara ([SW-III.2.1.5](#)) skulu keppendur strax fara í laugina. Við annað langa flaut yfirdómara skulu keppendur fara tafarlaust í rásstöðu ([SW-III.6.1](#)). Þegar allir keppendur hafa komið sér í rásstöðu skal ræsir gefa rásmerkið „takið ykkur stöðu“. Þegar allir keppendur eru í kyrrstöðu skal ræsir gefa rásmerkið.

SW-4.3 Á Ólympíuleikum, heimsmeistaramótum og öðrum mótum á vegum [FINA-World Aquatics](#) skal skipunin „takið ykkur stöðu“ vera á ensku (e. take your marks) og skal ræsing koma frá hátölurum sem komið er fyrir við hvern ráspall.

SW-4.4 Keppandi sem hefur ræsinguna áður en hljóðmerki er gefið getur átt von á að vera dæmdur ógildur. Ef rásmerki hljómar áður en lýst hefur verið yfir að keppandi hafi verið dæmdur úr leik, skal keppni fram haldið og keppandi eða keppendur dæmdir úr leik við lok sundsins. Hafi keppandi verið dæmdur úr leik áður en rásmerki hefur verið gefið, skal það ekki gefið, heldur skulu þeir keppendur sem eftir eru kallaðir til baka og síðan endurræstir. Yfirdómari endurtekur framkvæmd ræsingar með því að gefa fyrst langt flaut (seinna flautið í baksundi) eins og kveðið er á um í [SW-III.2.1.5](#).

SW-5 SKRIÐSUND

SW-5.1 Í skriðsundsgreinum má beita hvaða sundaðferð sem er, nema í fjórsundi og fjórsundsboðsundi, þar sem skriðsund þýðir hvaða sund sem er nema baksund, bringusund eða flugsund.

SW-5.2 Einhver líkamshluti keppandans verður að snerta bakkann við hvern snúning og við lok sunds.

SW-5.3 Einhver líkamshluti keppandans verður að brjóta vatnsyfirborðið í keppninni. Þó er keppanda heimilt að vera algjörlega í kafi við snúning og í allt að 15 metra eftir snúning og start. Þá verður höfuð að hafa brotið vatnsyfirborðið.

SW-6 BAKSUND

SW-6.1 Áður en rásmerki er gefið skulu keppendur taka sér stöðu í vatninu með andlitið að rásenda laugarinnar og báðar hendur á viðbragðshöldum ráspallsins. Óheimilt er að standa í eða á yfirfallsrennu laugarinnar eða beygja tær yfir brún rennunnar. Þegar notaður er baksundsstartbúnaður í upphafi sunds, verður að lágmarki ein tál á hvorum fæti að vera í snertingu við endavegg eða yfirborð snertiplatta (e. touchpad). Bannað er að beygja tær yfir toppbrún snertiplatta.

SW-6.2 Við rásmerki og eftir snúning skal keppandi spyrna frá og synda á bakinu út sundið, nema í snúningi, eins og kveðið er á um í [SW-III](#) 6.5. Eðlileg stelling á bakinu getur falið í sér snúningshreyfingu á bol allt að, en þó ekki svo mikla að nemi 90° frá láréttu plani. Höfuðstelling skiptir ekki máli.

SW-6.3 Einhver líkamshluti keppandans verður að brjóta vatnsyfirborðið í keppninni nema í og eftir snúning, [nema alveg í lok sund, þegar höfuð hefur brotið 5 metra markið áður en sundinu lýkur, þá má keppandi vera algjörlega á kafi. Einnig er leyfilegt](#) er að keppandi syndi algjörlega á kafi í snúningi og í allt að 15 metra eftir start og snúning. Þá verður höfuð að hafa brotið vatnsyfirborðið.

SW-6.4 Við framkvæmd snúnings verður einhver hluti líkama keppanda að snerta laugarbakkann. Í snúningi er leyfilegt að færa axlir úr hliðarstöðu í bringustöðu og framkvæma síðan strax eina samfellda armhreyfingu með öðrum eða báðum handleggjum til að hefja snúninginn. Keppandi skal vera kominn í bakstöðu þegar spyrnt er frá bakka.

SW-6.5 Við lok sunds verður keppandi að snerta bakkann meðan hann er enn á bakinu.

SW-7 BRINGUSUND

SW-7.1 Eftir ræsing og að loknum hverjum snúningi er keppanda heimilt að taka eitt handatak niður með síðum og alveg niður að fótleggjum og má hann þá vera í kafi. Hvenær sem er fyrir fyrsta bringusundsfótatak eftir start og eftir hvern snúning er leyfilegt að framkvæma eitt flugsundsfótatak. Höfuðið verður að rjúfa yfirborð vatns áður en hendur færast að líkamanum eftir víðasta hluta annars handataks.

SW-7.2 Frá upphafi fyrsta handataks eftir ræsing og eftir hvern snúning skal líkami keppandans vera í bringustöðu. Aldrei er leyfilegt að velta yfir á bakið nema við snúning eftir að búið er að snerta sundlaugarvegginn, þá er leyfilegt að snúa hvernig sem er svo fremi að líkaminn sé í bringustöðu þegar spyrnt er frá bakka. Frá ræsing og út alla keppnina skal hvert sundtak samanstanda af einu handtaki og einu fótatagi í framangreindri röð. Allar hreyfingar handleggja skulu gerast samtímis og án víxlhreyfinga.

SW-7.3 Ýta skal höndum fram saman frá bringu á, undir eða yfir vatnsyfirborði. Olnbogar skulu vera undir vatnsyfirborði nema í lokatagi fyrir snúning, í snúningi og í lokatagi sundsins. Hendur skal síðan færa aftur, á eða undir vatnsborði. Hendur skulu ekki færðar lengra aftur en að mjaðmalínu, nema í fyrsta sundtaksi eftir stungu og snúning.

SW-7.4 Í hverju sundtaksi verður einhver hluti höfuðs keppandans að rjúfa vatnsyfirborðið. Allar fótahreyfingar skulu gerast samtímis og án víxlhreyfinga.

SW-7.5 Fætur skulu vísa út á við í framknúningshluta fótataksins. Víxlhreyfingar eða sporðhreyfingar eru ekki leyfilegar utan þess sem tilgreint er í [SW-III](#) 7.1. Heimilt er að rjúfa vatnsflötinn með fótunum nema ef því fylgir sporðsundstak.

SW-7.6 Við hvern snúning og við lok sunds skal snerta bakkann með báðum höndum aðskildum og samtímis; í, yfir eða undir vatnsyfirborði. Í síðasta sundtaksi fyrir snúning og í lok sunds er leyfilegt að nota eingöngu handatak, ekki þarf fótatak að fylgja á eftir. Færa má höfuð

í kaf eftir að hendur hafa verið dregnar aftur í síðasta sundtaki fyrir snertingu bakka, með því skilyrði að það brjóti vatnsyfirborðið einhvern tíma sundtaksins fyrir snertingu.

SW-8 FLUGSUND

SW-8.1 Frá upphafi fyrsta handataks eftir stungu og eftir hvern snúning skal synda á bringunni. Aldrei er heimilt að velta yfir á bakið, nema við snúning eftir að búið er að snerta sundlaugarvegginn, þá er leyfilegt að snúa hvernig sem er á meðan líkaminn er í bringustöðu þegar synt er út aftur.

SW-8.2 Færa verður báða handleggi fram samtímis yfir vatnsyfirborði og draga þá aftur einnig samtímis undir vatnsyfirborði út allt sundið eins og kveðið er á um í [SW-11.8.5](#).

SW-8.3 Allar fótahreyfingar skulu vera samsíða. Ekki er nauðsynlegt að hafa fætur og fótlegg í nákvæmlega sömu hæð en engar víxlhreyfingar eru leyfilegar. Bringusundsspörk eru ekki leyfileg.

SW-8.4 Í hverjum snúningi og við lok sunds skal snerta bakkann með báðum höndum aðskildum og samtímis, í, yfir eða undir vatnsyfirborði.

SW-8.5 Eftir stungu og snúninga er leyfilegt að taka eitt eða fleiri fótatök og eitt handatak í kafi en þessi sundtök verða að færa keppandann upp á vatnsyfirborðið. Leyfilegt er að keppandi syndi algjörlega í kafi í allt að 15 metra eftir stungu og snúning en þá verður höfuðið að koma upp úr og brjóta vatnsyfirborðið. Keppandi verður að synda við vatnsyfirborð þar til í næsta snúningi eða að sundi lýkur.

SW-9 FJÓRSUND

SW-9.1 Í einstaklingskeppni í fjórsundi syndir keppandi sundgreinarnar fjórar í eftirfarandi röð: flugsund, baksund, bringusund og skriðsund.

Hver sunndaðferð verður að ná yfir einn fjórða hluta ($\frac{1}{4}$) vegalengdarinnar. Leyfilegt er að spyrna sér frá bakkanum á bakinu í skriðsundi en allar fótahreyfingar eru bannaðar fyrr en keppandi er komin yfir 90° á bringuna, þar með talin flugsunds fótatök.

SW-9.2 Í skriðsundi verður keppandinn að vera á bringunni, nema í snúningi. Keppandi verður að vera kominn á bringuna áður en fótatök eða handatök hefjast.

SW-9.3 Í boðsundskeppni í fjórsundi synda keppendur sundgreinarnar fjórar í þessari röð: Baksund, bringusund, flugsund og skriðsund. Hver sunndaðferð verður að ná yfir einn fjórða hluta ($\frac{1}{4}$) heildarvegalengdar.

SW-9.4 Hverjum hluta verður að ljúka í samræmi við reglur viðkomandi sundgreinar.

SW-10 KEPPNIN

SW-10.1 Í allri einstaklingskeppni skulu kynin aðskilin eftir greinum.

SW-10.2 Keppandi sem syndir vegalengdina einn, verður að ljúka henni að fullu til að sundið sé gilt. Keppandi sem lýkur ekki allri vegalengdinni samkvæmt viðeigandi [FINA-World Aquatics](#) reglu skal dæmdur ógildur.

SW-10.3 Á laugarbakka, eftir að kynningu keppenda er lokið, skilgreining samkvæmt [SW II.1.5](#), skal keppandi strax fara úr öllu nema sundfatnaði.

SW-10.4 Keppandi verður að synda og ljúka keppni á sömu braut og hann hóf sundið.

SW-10.5 Í öllum sundgreinum verður keppandi að snerta bakkann í snúningum. Snúningur verður að vera frá laugarbakka og ekki er leyfilegt að klofa eða taka skref á botni laugar.

SW-10.6 Í skriðsundsgreinum og skriðsundshluta fjórsunds er ekki bannað að stíga á botn laugar en bannað er að ganga.

SW-10.7 Bannað er að toga í brautarlínu.

SW-10.8 Ef keppandi hindrar annan keppanda, með því að synda í veg fyrir hann eða trufla á annan hátt, dæmist lögbrjótur úr leik. Sé um ásetningsbrot að ræða, skal yfirdómari tilkynna um málið til skipuleggjanda mótsins og aðildarsambands viðkomandi lögbrjóts.

~~**SW-10.9** Keppendum er ekki leyfilegt að nota eða klæðast nokkurs konar hjálparbúnaði eða sundfatnaði sem eykur á hraða þeirra, flothæfni eða þrek í keppni (svo sem hanska með sundfitum, sundblöðkum, ugga, orkuböndum (e. power bands) eða límfefni og öðru þess háttar). Notkun á einátta sjálfvirkum gagnaöflunarbúnaði er heimilaður en þó bara í þeim tilgangi að safna upplýsingum. Sjálfvirkur gagnaöflunarbúnaður má ekki geta gefið upplýsingar til baka til keppandans eins og hljóð eða önnur merki og má ekki nýta til að auka hraða keppandans. Sundgleraugu eru heimil. Hvers kyns bönd um líkamann eru bönnuð nema íþróttalæknanefnd FINA hafi heimilað notkun þeirra.~~

SW-10.109 Ef keppandi sem ekki er skráður í tiltekna keppni fer í laugina á meðan aðrir keppendur hafa ekki lokið sinni keppni skal hann dæmdur úr leik í næstu sundgrein mótsins sem hann er skráður í.

SW-10.1011 Í boðsundsgreinum skulu vera fjórir keppendur í hverju liði. Boðsund með blönduðum sveitum er leyft. Blandaðar sveitir verða að samstanda af tveimur (2) mönnum og tveimur (2) konum. Millitíma í boðsundi með blandaðri sveit er ekki hægt að nota til skráningar meta eða skráningar í aðra keppni.

SW-10.1112 Allar skiptingar í boðsundi verða að fara fram frá ráspalli. Hlaupandi start frá laugarbakka er ekki leyfilegt.

SW-10.1213 Í boðsundi dæmist boðsundssveit keppanda ógild ef hann í boðsundsskiptingu sleppir fótum af ráspalli áður en keppandinn á undan honum í sömu sveit hefur snert bakkann.

SW-10.1314 Dæma skal boðsundssveit úr leik ef einhver keppandi hennar, annar en sá sem skráður er í tiltekinn hluta boðsunds, fer í laugina á meðan á keppni stendur, áður en allir keppendur allra sveita boðsundsins hafa lokið keppni.

Commented [RBBS]: Flutt í kafla 15.2.

SW-10.1415 Meðlimi boðsundssveitar og röð þeirra í boðsundinu verður að tilkynna fyrir keppni. Sérhver keppandi í boðsundssveit má aðeins synda einn sprett í boðsundinu. Samsetningu boðsundssveitar má breyta milli undanrása og úrslita í tiltekinni grein svo fremi sem keppendur séu skráðir til keppni í þá grein af viðkomandi sundsambandi. Syndi keppendur í annarri röð en skráð hefur verið, skal sveitin öll dæmast úr leik. Varamenn má einungis kalla til í heilsufarslegu neyðartilviki sem hefur verið tilkynnt um áður.

SW-10.1516 Keppandi sem lokið hefur keppni í einstaklingsgrein eða sínum hluta í boðsundsgrein verður að fara úr lauginni eins fljótt og auðið er án þess að hindra aðra keppendur sem ekki hafa lokið keppni. Að öðrum kosti skal hann eða lið hans dæmt úr leik.

SW-10.1617 Leiði brot annars til þess að keppandi nær ekki þeim árangri sem hann annars hefði náð, hefur yfirdómari vald til að leyfa honum að keppa í næsta riðli eða, ef um úrslitasund er að ræða eða síðasta riðil í sundgrein, getur hann gefið skipun um að láta endurtaka sundið.

SW-10.1718 Ekki er leyfilegt að gefa takt (e. pace-making) eða nýta sér einhvers konar tæki eða áætlun sem hefur þess konar áhrif.

SW-11 TÍMATAKA

SW-11.1 Starfræksla sjálfvirks dómgæslubúnaðar skal vera í höndum skipaðra sunddómara. Tímar sem skráðir eru af sjálfvirkum tímatökubúnaði skulu notaðir til að ákvarða sigurvegara, röð keppenda og tíma á hverri braut. Röð og tímar þannig ákvarðaðir skulu teknir fram yfir niðurstöður tímavarda. Í tilvikum þar sem sjálfvirkur búnaður bilar eða augljóst þykir að villa í búnaði hafi átt sér stað, eða ef keppandi virkjar (ræsir) ekki búnaðinn, skulu skráningar tímavarda ráða úrslitum (sjá [SW-III.13.3](#)). Ef bilun kemur upp í öllum tímatökubúnaði og engir tímar eru til má bjóða keppendum að endurtaka sundið.

SW-11.2 Við notkun sjálfvirks ~~tímatökubúnaðar~~ tímatökubúnaðar skulu úrslit skráð í 1/100 úr sekúndu. Ef keppendur fá sama tíma upp á 1/100 úr sekúndu skal þeim úthlutað sama sæti. Tímar sem sýndir eru á rafrænni stigatöflu skulu aðeins vera upp á 1/100 úr sekúndu.

SW-11.3 Hvers konar tímatökubúnaður sem stöðvaður er af sunddómara skal talinn vera klukka. Slíka handvirka tímatöku verður að framkvæma af þremur tímavörðum sem tilnefndir og viðurkenndir hafa verið af sundsambandi viðkomandi aðildarlands. Ábyrgjast skal að allar klukkur uppfylli skilyrði mótsstjórnar. Handvirk tímataka skal skráð upp á 1/100 úr sekúndu. Þegar ekki er notaður sjálfvirkur tímatökubúnaður skal staðfestur tími með handvirkum búnaði ákvarðaður með eftirfarandi hætti:

SW-11.3.1 Ef tvær (2) klukkur af þremur (3) sýna sama tíma, en sú þriðja annan, skal tími hinna tveggja samhljóða gilda.

SW-11.3.2 Ef allar þrjár (3) klukkurnar eru ósamhljóða, gildir tími þeirrar sem er í miðið.

SW-11.3.3 Ef aðeins tvær (2) af þremur (3) klukkum mæla tíma skal meðaltími þeirra tveggja gilda. Ef þessi tímamæling fer fram í 1/1000 úr sekúndu skal aftasta talan tekin frá án þess að námunda hana að næstu tölu.

SW-11.4 Verði keppandi dæmdur úr leik á meðan á grein stendur eða eftir hana, skal geta um það í staðfestum úrslitum, án þess að tími eða röð sé skráð eða kynnt.

SW-11.5 Verði boðsundssveit dæmd úr leik skal skrá löglega millitíma fram að broti í úrslitagögn.

SW-11.6 Allir 50m og 100m millitímar skulu skráðir hjá fyrstu keppendum í boðsundum og birtir í úrslitagögnum.

SW-12 HEIMSMET

SW-12.1 Vegna heimsmeta og heimsmeta ungmenna í 50m brautum eru eftirfarandi vegalengdir og sundaðferðir viðurkenndar fyrir bæði kyn:

Skriðsund: 50, 100, 200, 400, 800 og 1500 metrar

Baksund: 50, 100 og 200 metrar

Bringusund: 50, 100 og 200 metrar

Flugsund: 50, 100 og 200 metrar

Einstaklingsfjórund: 200 og 400 metrar

Skriðsundsboðsund: 4x100 og 4x200 metrar

Fjórundsboðsund: 4x100 metrar

Blandað boðsund: 4x100 metra skriðsund og 4x100 metra fjórund.

SW-12.2 Vegna heimsmeta og heimsmeta ungmenna í 25m brautum eru eftirfarandi vegalengdir og sundaðferðir viðurkenndar fyrir bæði kyn:

Skriðsund: 50, 100, 200, 400, 800 og 1500 metrar.

Baksund: 50, 100 og 200 metrar.

Bringusund: 50, 100 og 200 metrar.

Flugsund: 50, 100 og 200 metrar.

Einstaklingsfjórund: 100, 200 og 400 metrar.

Skriðsundsboðsund: 4x50, 4x100 og 4x200 metrar.

Fjórundsboðsund: 4x50 og 4x100 metrar

Blandað boðsund: 4x50 metra skriðsund og 4x50 metra fjórund.

SW-12.3 Aldursflokkar fyrir heimsmet ungmenna eru þeir sömu og samkvæmt [FINA-World Aquatics](#) á Heimsmeistaramóti í sundi ungmenna.

SW-12.4 Liðsmenn boðsundssveitar verða að vera af sama þjóðerni.

SW-12.5 Öll met verða að vera slegin á löglegu móti eða í einstaklingskeppni með tímatöku sem haldin er opinberlega og tilkynnt með auglýsingu að minnsta kosti þremur dögum fyrir áætlaða tilraun. Ef aðildarsamband hefur samþykkt einstaklingskeppni með tímatöku sem hluta af móti er óþarft að auglýsa tilraunina með minnst þriggja (3) daga fyrirvara.

SW-12.6 Lengd brauta í laug skal staðfest af mælingamanni eða öðrum viðurkenndum starfsmanni sem skipaður hefur verið eða viðurkenndur er af aðildarsambandi viðkomandi lands.

SW-12.7 Þar sem færanlegt millipil er notað verður að staðfesta mælingu á lengd brautarinnar við lok þess mótshluta þegar tímanum var náð.

SW-12.8 Heimsmet og heimsmet ungmenna eru aðeins talin gild ef þau hafa verið mæld með sjálfvirkum tímatökubúnaði eða hálf sjálfvirkum búnaði ef upp hefur komið kerfisvilla í hinum sjálfvirka búnaði.

SW-12.9 Heimsmet og heimsmet ungmenna eru aðeins talin gild ef keppandi hefur klæðst sundfatnaði sem viðurkenndur hefur verið af [FINA World Aquatics](#) (sjá [II.15.2](#)).

SW-12.10 Tímar sem eru jafnir að 1/100 hluta úr sekúndu eru viðurkenndir sem jöfn met og keppendur sem náð hafa þessum tímum kallast þá „sameiginlegir methafar“. Einungis er heimilt að leggja fram tíma sigurvegara í keppni sem heimsmet – og sem heimsmet ungmenna. Komi til jafnteflis í keppni um met skulu þeir keppendur sem skildu jafnir teljast sigurvegarar.

SW-12.11 Heimsmet og heimsmet ungmenna er einungis hægt að setja þar sem minna en 3 gr/lítra af salti eru í vatninu. Engin heimsmet eru viðurkennd fyrir sund í sjávar- eða úthafsvatni.

SW-12.12 Fyrsti keppandi í boðsundi, nema úr blandaðri boðssundssveit, getur sótt um að tími hans sé skráður sem heimsmet eða heimsmet ungmenna. Ljúki keppandi í boðssundssveit vegalengd sinni á mettíma samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal ekki nema úr gildi árangur hans þó sveitin sé dæmd ógild vegna brots sem á sér stað eftir að viðkomandi vegalengd hefur verið synt.

SW-12.13 Keppandi í einstaklingsgrein getur sótt um að tími í millivegalengd sé skráður sem heimsmet eða heimsmet ungmenna ef hann, þjálfari hans eða liðsstjóri óskar eftir því við yfirdómara að millitíminn sé sérstaklega mældur eða ef tími í millivegalengd er skráður með sjálfvirkum tímatökubúnaði. Keppandi sem óskar eftir slíkri skráningu verður að ljúka keppni í viðkomandi grein til að geta sótt um skráningu mets í millivegalengd.

SW-12.14 Skipuleggjendur móts eða mótsnefnd þurfa að skila inn umsóknum um heimsmet eða heimsmet ungmenna á opinberum eyðublöðum [World Aquatics FINA](#). Eyðublöð þurfa að bera undirritun viðurkennds fulltrúa aðildarsambands í heimalandi keppandans og votta að öllum reglum hafi verið fullnægt, þar með talið öflun vottorðs um mælingar á lauginni [og að keppandinn hafi farið í lyfjapróf strax eftir keppnina, eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að móthluta lauk, með neikvæðri niðurstöðu. Þegar boðsundslíð setur eða jafnar heimsmet/heimsmet unglina, þurfa aðeins þessir fjórir keppendur sem syntu sundið að skila neikvæðri niðurstöðu lyfjaprófs, ásamt neikvæðri niðurstöðu lyfjaprófs \(DC 5.3.3\).](#) Skila skal umsóknareyðublaði til framkvæmdastjóra [FINA World Aquatics](#) innan fjórtán (14) daga frá því að viðkomandi árangri var náð.

SW-12.15 Bráðabirgðatilkynning um tilkall til heimsmets eða heimsmets ungmenna skal send framkvæmdastjóra [World Aquatics FINA](#) í tölvupósti innan sjö (7) daga frá því að viðkomandi árangri var náð.

SW-12.16 Aðildarsamband í heimalandi keppanda skal tilkynna um árangurinn í bréfi til framkvæmdastjóra [World Aquatics FINA](#) til upplýsinga og aðgerða, ef nauðsyn krefur, til að tryggja að hin opinbera umsókn hafi fengið rétta meðferð af hálfu viðkomandi stjórnenda.

SW-12.17 Þegar opinber umsókn um met hefur verið móttækin og þegar sannreynt hefur verið að upplýsingar þær sem gefnar eru í umsókninni, þar með talið vottorð með mælingum laugar og um neikvæða niðurstöðu lyfjaprófs, eru réttar, skal framkvæmdastjóri [World Aquatics FINA](#) staðfesta hið nýja heimsmet eða heimsmet ungmenna, sjá til þess að upplýsingar þar að lútandi séu birtar og sjá til þess að viðurkenningar séu sendar þeim aðilum sem fengið hafa umsóknir sínar samþykktar.

SW-12.18 Öll met sem sett eru á Ólympíuleikum, heimsmeistaramótum, heimsmeistaramótum ungmenna og heimsbikarmótum skulu samþykkt sjálfkrafa.

SW-12.19 Ef verklagsreglum þeim sem kveðið er á um í [SW-12.14](#) hefur ekki verið framfylgt getur aðildarsamband í heimalandi keppandans sótt um skráningu heimsnets eða heimsnets ungmennis vegna vanrækslu á þessari framkvæmd. Að undangenginni rannsókn hefur framkvæmdastjóri [World Aquatics FINA](#) heimild til að samþykkja slíkt met ef fullyrðing þar um telst vera rétt.

SW-12.20 Ef umsókn um heimsmet eða heimsmet ungmenna er samþykkt af hálfu FINA skal framkvæmdastjóri [World Aquatics FINA](#) senda aðildarsambandi í heimalandi keppandans viðurkenningarskjal með undirritun forseta [World Aquatics FINA](#) og skal það afhendast keppandanum sem viðurkenning á árangri hans. Fimmta viðurkenningarskjalið vegna heimsnets er gefið út til handa því aðildarsambandi sem á innan sinna vébanda boðsundssveit sem sett hefur heimsmet eða heimsmet ungmenna. Þetta viðurkenningarskjal hefur aðildarsambandið í sinni vörslu.

SW-12.21 Öðru hverju getur [World Aquatics FINA](#) bætt við nýjum greinum þar sem keppendur geta sett heimsmet eða heimsmet ungmenna. Fyrir hverja slíka grein mun [World Aquatics FINA](#) setja marktíma; ef keppandi nær betri tíma en marktíminn er, þá skal það vera álitnið heimsmet eða heimsmet ungmenna, svo fremi að öll skilyrði [SW-12](#) séu uppfyllt.

SW-13 VERKLAGSREGLUR FYRIR SJÁLFBIRKA TÍMATÖKU

SW-13.1 Þegar notaður er sjálfvirkur tímatökubúnaður (sjá FR 4) skulu röðun og tímar sem mældir eru, sem og skiptingar í boðsundum, sem dæmdar eru með slíkum búnaði hafa forgang fram yfir tímaverði og snúningsdómara.

SW-13.2 Þegar sjálfvirkur tímatökubúnaður skráir ekki röðun og/eða tíma eins eða fleiri keppanda í tiltekinni keppni:

SW-13.2.1 Skrá alla tiltæka röðun og tíma mælda með sjálfvirkum búnaði.

SW-13.2.2 Skrá alla röðun og tíma sem tímaverðir mæla.

SW-13.2.3 Opinber röðun er ákvörðuð sem hér segir:

SW-13.2.3.1 Keppandi sem fengið hefur röðun og tíma mældan með sjálfvirkum búnaði skal halda röðun sinni miðað við aðra keppendur með tíma og röðun úr sjálfvirkum búnaði í sömu keppni.

SW-13.2.3.2 Keppandi sem ekki hefur fengið röðun mælda með sjálfvirkum búnaði en hefur fengið tíma mældan með sjálfvirkum búnaði er raðað með því að bera saman sjálfvirkan tíma hans og sjálfvirkan tíma hinna keppendanna.

SW-13.2.3.3 Keppandi sem hvorki hefur fengið sjálfvirka röðun né sjálfvirkan tíma skal raðað samkvæmt þeim tíma sem mældur hefur verið með hálf sjálfvirkum búnaði eða þremur stafrænum klukkum.

SW-13.3 Opinber tími er ákvarðaður sem hér segir:

SW-13.3.1 Opinber tími allra keppanda sem mældir eru með sjálfvirkum búnaði er sá tími.

SW-13.3.2 Opinber tími allra keppanda sem ekki eru mældir með sjálfvirkum búnaði er tími sem mældur hefur verið með hálf sjálfvirkum búnaði eða klukkum.

SW-13.4 Til að ákvarða hlutfallslega röðun árangurs í öllum riðlum greinar skal farið að eftirfarandi:

SW-13.4.1 Hlutfallsleg röðun allra keppenda er fengin með því að bera saman opinbera tíma þeirra.

SW-13.4.2 Ef keppandi hefur fengið opinberan tíma sem er jafn opinberum tíma/tímum eins eða fleiri keppenda skal öllum keppendum með sama tíma raðað sem jöfnum í úrslitum viðkomandi greinar.

14. ALDURSFLOKKAREGLUR – SUND

14.1 HEIMSMEISTARAMÓT UNGMENNA

Keppendur í aldursflokknum skulu vera á milli 14-18 ára á árinu sem mótið er haldið, bæði stúlkur og piltar.

14.2 LÁGMARKSALDUR KEPPANDA Á ÓLYMPIÚLEIKUM OG HEIMSMEISTARAMÓTUM (50M OG 25M)

Lágmarksaldur keppenda á Ólympíuleikum og á heimsmeistaramótum (50m og 25) skal vera sá sami og lágmarksaldur á heimsmeistaramóti ungmenna: Stúlkur og drengir skulu vera að minnsta kosti 14 ára á árinu sem mótið er haldið. Yngri keppendur mega taka þátt í þessum mótum hafi þau náð að minnsta kosti B-lágmarki í viðeigandi grein.

SWAG-14.3 Aðildarsambönd geta tekið upp sínar eigin aldursflokkareglur samkvæmt FINA tæknireglum.

15. SUNDFATNAÐUR OG BÚNAÐUR

15.1 Á sundmótum skal sundfatnaður karla ekki ná upp fyrir nafla né niður fyrir hné. Sundfatnaður kvenna skulu ekki hylja háls, axlir né ná fyrir neðan hné. Sundföt skulu vera út textílefum.

15.2 Keppendum er ekki leyfilegt að nota eða klæðast nokkurs konar hjálparbúnaði eða sundfatnaði sem eykur á hraða þeirra, flothæfni eða þrek í keppni (svo sem hanska með sundfitum, sundblöðkum, ugga, orkuböndum (e. power bands) eða límefni og öðru þess háttar). Notkun á einátta sjálfvirkum gagnaöflunarbúnaði er heimilaður en bó bara í þeim tilgangi að safna upplýsingum. Sjálfvirkur gagnaöflunarbúnaður má ekki geta gefið upplýsingar til baka til keppandans svo sem hljóð eða önnur merki og má ekki nýta til að auka hraða keppandans. Sundgleraugu eru heimil. Ef um meiðsli er að ræða þá er heimilt að hámarki að líma saman einn eða tvo fingur eða tær saman. Hvers kyns bönd um líkamann eru bönnuð nema með samþykki yfirdómara eða annars tilnefnds aðila.

15.3 Heimsmet (þar með talið á heimsmet ungmenna og heimsmet garpa) verða einungis staðfest af World Aquatics ef samþykktur sundfatnaður hefur verið notaður.

World Aquatics geta farið fram á það við keppandann að leggja fram sundfatnaðinn sem var notaður þegar heimsmetið var sett til frekari skoðunar.